

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA**Fundargerð 2. fundar stjórnar**

Annar fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13:00 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

Dagskrá fundar var í 5 liðum:

1. Fundargerð stjórnar frá 1. fundi 8. ágúst

Fundargerð 1. fundar samþykkt.

2. Drög að verklags-/starfsreglum stjórnar.

Farið var yfir drög að verklags-/starfsreglum (fylgiskjal 4 frá Iðnaðarráðuneytinu) lið fyrir lið. Sérstaklega var farið yfir athugasemdir og tillögubreytingar frá Guðjóni Bragasyni. Sveinn mun ganga frá breyttu skjali og senda á stjórn til yfirlstrar. Stefnt er að því að stjórn samþykki verklags- / starfsreglur sjóðsins á næsta fundi.

3. Verklagsreglur varðandi skjalavörslu/ Val á styrkþegum og afgreiðsla samninga.

Verklagsreglur í Gopro skjalavörslukerfi FMS samþykktar.

4. Uppkast að auglýsingu til yfirferðar.

Guðjón lýsti ánægju sinni með uppkast að auglýsingu sem Sveinn sendi á stjórn 30.08.2011. Farið var yfir auglýsinguna lið fyrir lið. Samræma þarf verklags- / starfsreglur við auglýsingu. Sveinn ætlar að senda leiðrétt skjal á stjórn til yfirlstrar fyrir næsta fund. Auglýsa á úr sjóðnum tvisvar á ári. Rætt var m.a. um EES reglur og heppilegar dagsetningar fyrir auglýsingar. Stefnt er að því að fyrsta auglýsing eftir umsóknum verði 10. október með skilafresti 20. nóvember n.k. (fyrsta úthlutun úr sjóðnum). Markmiðið er að á næsta ári verði fyrri auglýsingin send út 10. febrúar með skilafresti til 20. mars og seinni auglýsingin send út 30. ágúst með skilafresti til 10. október 2012.

5. Tillögur að úthlutun úr sjóðnum í ár.

Farið var yfir listann „Hugmyndir að fyrstu verkefnum“ (fylgiskjal 8 frá Iðnaðarráðuneytinu) og hvaða verk væru tilbúin eða hefðu forgang. Albína taldi mikilvægt að stjórn sjóðsins eigi fundi með sveitarstjórnarmönnum og forsvarsmönnum staða á forgangslistanum og jafnframt að æskilegt sé að stjórn sjóðsins geti farið í vettvangsskoðanir á þessum stöðum. Sveinn upplýsti að hann hefði þegar haft samband við flesta umsjónaraðila þeirra staða sem listaðir eru upp í listanum. Hann fór aðeins yfir þá staði sem að hans mati kæmu helst til greina fyrir sjóðinn ef veita ætti einhverja styrki án

auglýsingar. Sveinn hefur óskað eftir fundi með sveitarstjórum í Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra vegna m.a. Landmannalauga og Skógafoss. Hann hefur einnig fengið jákvæð svör frá forsvarsmönnum Hveravalla um að koma með kynningu fyrir stjórn sjóðsins. Stefnt er á fundi í september með þessum aðilum ef hentugur fundartími finnst. Stjórn sjóðsins var sammála um að ákveðið forgangsverkefni væri að reyna að koma vinnu við samkeppni/ skipulag á Landmannalaugum af stað í samstarfi við sveitarstjórn. Sveinn mun finna dagsetningar og skipuleggja fundi og ferðir.

Fundi slitið 14:45.

Reykjavík 31.ágúst 2011/Katrín /Sveinn